

ur úr því, og er þó engin grein gjörð fyrir því, hve áreiðanlegur og ítarlegur þessi útdráttur sje.

Með því að áfrýjandinn þannig eigi hefur gætt fyrir mælanna í N. L. 1—6—10 og 18, sbr. 1—5—13, verður *ex officio* að vísa máli þessu frá yfirdóminum. Hinir stefndu hafa eigi mætt hjer fyrir rjettinum, og enginn af þeirra hendi, og fellur málskostnaður því niður.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu frá vísast. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 36/1888.

Gunnar Gunnarsson
gegn
Sigfúsi Eymundssyni.

Dómur:

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur kaupstaðar, sem dæmdur var afsýslumanni Franz Siemen, sem setudómara, 12. júlí þ. á., var áfrýjanda þessa máls, Gunnari trjesmið Gunnarssyni, gjört að greiða hinum stefnda, ljósmyndasmið Sigfúsi Eymundssyni, fyrir að hafa rífið nokkuð úr húsi hans, 70 kr. 74 aura í skaðabætur, og skaðabætur fyrir leigumissi, óþægindi, usla og óskunda eptir mati óvilhallra, dómkvaddra manna, svo og 25 kr. í málskostnað. Þar að auki var áfrýjandi dæmdur í 25 kr. sekt til landsjóðs eptir 298. gr. hegningarlagna.

Þessum dómi hefur áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 22. ágúst. þ. á. og þar kraf-

izt fyrst og fremst, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda í máli þessu, en til vara, að hann verði að eins skyldaður til að greiða hinum stefnda 16 kr. í skaðabætur, og að hinn stefndi, hvernig sem fer, verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað bæði fyrir undir- og unddómi eptir mati yfirdómsins. Svo hefur hann og krafizt, að orð stefnda í sóknarskjali hans fyrir undirdómi: „Dæmi til annarar eins ósvífni í að berja fram helber ósannindi móti betri vitund, eins og Gunnar Gunnarsson gjörir í þessu máli, hef jeg ekki þekkt“, verði dæmd dauð og ómerk, og stefndi sektaður fyrir ósæmandi og meiðandi rithátt.

Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir yfirdómi með 60 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati yfirdómsins.

Mál þetta er þannig vaxið.

Hinn 9. nóvember f. á. gjörðu þeir Löve fata-sölumaður, er hafði hús hins stefnda, Sigfúsar Eymundssonar, á leigu til 14. s. m., og áfrýjandi þessa máls, Gunnar trjesmiður Gunnarsson, þann samning sín á milli, að Gunnar skyldi setja þann hluta af húsi ljósmyndasmiðs Sigfúsar Eymundssonar, sem Löve hafði á leigu frá 14. maí 1882 til 14. nóvbr. 1887, í samt lag og jafngott og það var, þá er Löve tók við húsinu áðurnefnt ár. Á þessu verki byrjaði áfrýjandi 11. nóvember f. á. og hjelt því áfram þangað til daginn eptir, 12. nóvember, stundu fyrir hádegi, er Löve bauð honum að hætta starfi sínu af því, að hinn stefndi hafði látið fógeta leggja bann við, að Löve ætti meira við húsið.

Hinn stefndi hefur haldið því fram, að áfrýjanda hafi verið kunnugt um, að svo hefði samizt milli stefnda og Löve, að stefndi tæki við þeim parti hússins, sem Löve hafði til leigu, í því ástandi sem hann var 2. nóvbr. f. á., og yrði hann því, einkum þar eð stefndi hefði bannað honum að rífa nokkuð úr húsinu, að bera ábyrgð á þeim skemmdum, er hefðu á orðið af hans völdum. En áfrýjandi hefur á hinn bóginn haldið því fram, að honum hafi ekki verið kunnugt um, hvernig í þessu tilliti hafi um samizt með Löve og stefnda, og að ábyrgðin, sje hún nokkur, hljóti að lenda á Löve, er hafi falað sig til verksins og sagt það vera á sinni ábyrgð, enda hafi hinn stefndi ekki beint forboðinu til sín, heldur til Löves, og hafi hann (áfrýjandi) hætt verkinu, jafnskjótt og Löve bauð honum það.

Þó að álíta megi, að áfrýjandi hafi þekkt samning þann, er þeir Löve og Sigfús Eymundsson gjörðu 2. nóvbr. f. ár, þá verður honum þó eigi gefið það að sök, þótt hann fyrir sitt leyti legði sama skilning í samninginn, eins og Löve, eða að minnsta kosti eigi vefengdi hans skilning á samningnum, eins og hann einnig hafði ástæðu til að álíta, að samningurinn væri að fullu og öllu úr gildi genginn, þegar hann eigi gat komið til framkvæmdar 10. nóvbr. f. á.; honum verður því ekki gefin sök á því, þótt hann áliti, að Löve þá enn ætti þá hluti í húsinu, er hann reif eptir skipun hans, nje heldur á því, að hann fór eptir fyrirlagi Löve í þessu efni, og það því síður, sem honum var kunnugt um, að Löve hafði þann part hússins, er hann reif úr, á leigu til 14. nóvbr. f. á., og verður hann því ekki skoðaður öðruvísi en

sem verkamaður Löves, ábyrgðarlaus, ef hann ekki gjörði annað en það, sem Löve, leiguliðinn, lagði fyrir hann.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, ber að sýkna áfrýjanda af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli. Hin áður um getnu orð stefnda: „Dæmi til annarar eins ósvífni í að berja fram helber ósannindi móti betri vitund“, eiga að vera dauð og ómerk, án þess næg ástæða sje til að sekta stefnda fyrir þau. Svo ber stefnda og samkvæmt þessum úrslitum málsins að greiða áfrýjanda málskostnað allan, sem þykir hæfilega metinn 40 krónur.

Samkvæmt því, sem að framan segir, og sjerstaklega fyrir þá sök, að áfrýjandi ekki vissi betur, en að Löve ætti muni þá, er hanu reif úr húsinu, getur ekki verið nein ástæða til að sekta hann eptir 298. gr. hegningarlaganna.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi þessa máls, Gunnar Gunnarsson, á að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda, Sigfúsar Eymundssonar, í þessu máli. Um mæli stefnda: „Dæmi til annarar eins ósvífni í að berja fram helber ósannindi mót betri vitund“, eiga að vera dauð og marklaus.

Stefnda, Sigfúsi Eymundssyni, ber að greiða áfrýjanda málskostnað með 40 kr., er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birting dóms þessa undir aðför að lögum.